



Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 15. júní 2017

1. Styrkúthlutanir

Á árinu 2016 samþykkti stjórn Myndstefs sömu upphæð á styrkjum og árið áður. Úthlutaði Myndstef hins vegar samtals kr. 8.100.000.- í stað kr. 8.250.000.- eins og fyrra ár þar sem einn styrkþegi ferða-og menntunarstyrks afþakkaði styrkinn. Í heildina var um að ræða verkefnastyrki þar sem hver styrkuppæð nam kr. 300.000.- og var alls úthlutað 20 slíkjum styrkjum að upphæð kr. 6.000.000.- Ennfremur var úthlutað 14 ferða- og menntunarstyrkjum, hver styrkur að upphæð kr. 150.000.- eða samtals kr. 2.100.000.-.

Veittur var áður umsamin styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000.-.

Myndstef hélt áfram að styrkja SÍM mánaðarlega til reksturs að upphæð 45 þúsund eins og samið var um á árinu 2013. Styrkurinn er veittur úr fylgiréttarsjóði og mun verða endurskoðaður árlega.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs. Formaður mun í fullu samráði við endurskoðanda samtakanna leggja tillögu að upphæð fyrir stjórn Myndstefs. Er það í samræmi við varfærnislegar ákvarðanir stjórnar Myndstefs á undanförunum árum. Þó má geta þess að undanfarin ár hafa styrkirnir verið hækkaðir verulega vegna ábendingar endurskoðenda um að rétt væri að ganga á þá sjóði sem styrkirnir eru veittir úr enda þótt okkur sé skylt að hafa varasjóð þá er ekki nauðsynlegt að hann sé of stór, líklegt þykir að við drögum aðeins úr á þessu ári.

2. Samningamál

Frá síðasta aðalfundi hefur verið lokið við heildarsamning við Hótel Holt vegna nýrrar vefsíðu þeirra, en hún leggur áherslu á myndlist hótelsins og safneign þeirra. Einnig er álika samningur í bígerð við eitt Flugleiðahótel (Icelandar hótel Marina) vegna aukinnar áherslu á myndlist í kynningarefni hótelsins (bæklingar og vefsíða). Það má teljast fagnaðarerindi bæði að myndlistinni sé gefið hærra vægi á hótélunum og að þau séu meðvituð um höfundarétt, en bæði hótelin höfðu samband við Myndstef af fyrra bragði og óskuðu eftir slíkum samning.

Samningur við SÍK (Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðanda) er langt á veg kominn, en ekki hefur verið lokið við hann.

3. Fylgiréttargjöld

Á árinu 2016 námu innheimt fylgiréttargjöld rúmlega 12 milljónum og voru rúmlega 12 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda. Tæplega 2 milljónir runnu til starfslaunasjóðs.

Skil frá flestum galleríunum gengur ágætlega en þrátt fyrir það eru enn mál sem skrifstofan vinnur að nú í dag. Erfiðlega gengur oft að fá skilagreinar sendar inn, jafnvel skilagreinum sem tilgreina enga sölu.

4. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM

Þann 16. október 2016 endurnýjaði höfundarréttarsamtökin Fjölís og Menntamálaráðuneytið samning sem felur í sér heimild ljósritunar og hliðstæðrar eftirgerðar verka sem njóta höfundaréttarverndar eftir langar viðræður og náðist nokkur hækkun á samningnum. Fjölís er nú í viðræðum við sveitarfélögin um afritun í stjórnsýslu og rekstri sveitafélaganna. Hafði sú samningagerð haldist í hendur við samningagerð við ríkið. Var rammasamningagerðinni lokið í janúar 2017 og undirritaðir samningar sendir sveitarfélögum strax í kjölfarið.

Tekjur Myndstefs frá Fjölís eru stærsti einstaki tekjupóstur Myndstefs og eigum við mikið undir að vel takist til þar á bæ. En á árinu 2016 komu rúmlega 20,2 milljónir í hlut Myndstefs frá Fjölís. Myndstef er með mismiklar tekjur eftir samningum en mestar eru þær af stóra skólasamningnum 23,5%.

Myndstef hefur einnig haft tekjur frá IHM, Innheimtumiðstöð gjalda sem innheimtir höfundarréttarbætur fyrir sjónvarpsútsendingar annars vegar og hins vegar fyrir fjölföldun einstaklinga og hefur tekjustofninn verið af óskrifuðum DVD og CD geisladiskum. Starfsárið 2015-16 drógust tekjur IHM enn saman og voru aðeins um 8% af þeim tekjum sem innheimtust þegar best lét árið 2004. Tekjur Myndstefs frá IHM voru kr. 87.331.- á árinu 2016 og fara þær tekjur stöðugt lækkandi milli ára (sbr. kr. 250.000.- árið 2015).

Í lok árs 2016 gerði Menntamálaráðuneytið samning við IHM um fasta upphæð úr ríkissjóði til að bæta samtökunum upp það tekjutap eftir margra ára eftirrekstur. Svo tók við ný ríkisstjórn og óvíst er um efndir á samningnum að fullu.

5. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald

Ólöf Pálsdóttir hefur nú látið af störfum og þakkar stjórnin henni kærlega fyrir vel unnin störf. Við af henni tók Aðalheiður Dögg Finnsdóttir Helland og við í stjórninni erum mjög spennt fyrir hennar framlagi til Myndstefs á komandi árum. Harpa Fönn Sigurjónsdóttir er sem fyrr lögfræðingur samtakanna og eru þær tvær einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs, sem er sem fyrr á sama stað að í Hafnarstræti 16 og deilir húsnæði með SÍM. Ljóst er að Harpa Fönn mun fara í fæðingarorlof í haust og hefur verið gengið til samninga við lögfræðing sem mun leysa hana af með brýnustu daglegu málum samtakanna.

6. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök

Samstarf hefur verið með Myndstefi og CopyDan, BUS, Kuvasto og BONO þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast einu sinni á ári til skiptis í höfuðborgum landanna, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna.

Í nóvember 2016 fóru Ólöf og Harpa Fönn til Osló á höfundaréttarráðstefnu (e. Nordic Copyright Conference) þar sem Harpa hélt fyrirlestur sem bar heitið „Diverse demand – New media“ þar sem fjallað var um hraða þróun í miðlun listar og eftirspurn notenda eftir skilvirkari og auðveldari aðferð til þess að nota verk með leyfi. Þá talaði hún sérstaklega um þessi málefni út frá reynslu Myndstefs og hvernig samtökin hafa reynt ýmsar aðferðir með misgóðum árangri.

7. Lokaorð

Framundan eru breyttir tímar, sem við þurfum að bregðast við. Til stendur að lögfesta direktiv frá Brussel síðar á þessu ári sem fjallar um reglur varðandi hagsmunasamtök höfundaréttarhafa og ljóst er að gerðar verða strangar kröfur um samþykktir slíkra samtaka m.a. um kosningar til stjórna og aukið gagnsæi hvað varðar meðferð fjármuna og sitthvað fleira. Fyrir liggur að Myndstef þarf að endurskoða samþykktir samtakanna og er gríðalega mikilvægt að vandað verði til þeirra verka enda er hér um að ræða grundvallaratriði um framtíðarstarfsemi samtakanna. Hefur stjórnin því samþykkt að lögfræðingi samtakanna verði falið að fylgjast með og samræma breytingar við svipuð systursamtök eins og Fjölís og Stef enda þurfa þau að endurskoða sínar samþykktir á svipaðan hátt, að hluta til. Líklega þurfum við að hafa samráð við ráðuneytið um endanlegt uppkast að nýjum samþykktum. Leggur stjórnin því til að eftir því sem við verður komið að halda framhaldsaðalfund í lok sumars þar sem endanlegar samþykktir samtakanna liggja fyrir og geta verið samþykktar á þessu ári.

Ragnar Th Sigurðsson